

5. fundur.

Fimmti fundur skólanefndarinnar var haldinn í Fjölbrautaskólanum fimmtudaginn 28. okt. '76. Hófst hann klukkan 17¹⁵.

Fundinn sátu skólameistari, yfirkennari og skólanefndarmenn, aðrir en Jón Hólmgeirsson.

I. FFjármál skólans: Þann 18. okt. s.l. fóru skólameistari, yfirkennari og formaður skólanefndar ásamt fræðslustjóra til fundar við forsvarsmenn menntamálaráðuneytisins (sbr. 4. 118 síðustu fundargerðar). Efni fundarans var fyrst og fremst nýgerð rekstrar- og stofnkostnaðaræstlun skólans.

Af hálfu ráðuneytisins sóttu fundinn þeir Indriði Þorláksson, Torfi Ásgeirsson, Sigurður Þorkelsson, Árni Gunnarsson og Örlýgur Geirsson

Á fundinum kom mpa. fram, að nauðsynlegt er að fara að huga nánar að húsnæðismálum skólans, því fyrirjácánlegt er því fjölföldum nemenda á næsta skólaári. Samtala munu um 340 nemendur á svaðinu útskrifast á komandi vori með próf er veitir þeim réttindi til setu í fjölbrautaskóla. Hins vegar munu sárafaír útskrifast frá skólanum næsta vor. Má því búast við að nemendum fjölgi um allt að 100% á næsta skólaári.

Með þessa fjölgun í huga, er greinilegt að endurskoða þarf sem fyrst allar hliðar fjárhagsmála skólans. Voru allir fundarmenn á umrættum fundi sammála um nauðsyn þess.

II. Eftir að skólanefnd hafði rætt um niðurstöður fyrrnefnda fundar var samþykkt að senda eftirtöldum aðilum bréf, til þess að reyna að greiða fyrir frangangi nauðsynlegustu þátta málsins:

I. Fjárveitinganefnd alþingis, þar sem nefndinni er gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu skólans og þörfum hans á komandi ári. Þá eru einnig í bréfinu taldir upp kostnaðarliðir, sem ekki er unnt að komast hjá, en ekki voru í rekstraræstlun fræðslustjóra frá 30.07.'76.

2. Til menntamálaráðuneytisins, þar sem farið er fram á að hlutur ríkissjóðs í rekstrar- og stofnkostnaði skólans verði greiddur skv. 39. gr. reglugerðar um störf fræðslustjóra, nr. 182/1976.

3. Til menntamálaráðuneytisins, þar sem þess er farið á leit við ráðuneytið, - að það leyfi og staðfesti formlega, að "Öldungadeild starfi við Fjölbrotaskólann með sama hætti og við Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann á Akureyri.

4. Til menntamálaráðuneytisins, þar sem þess er farið á leit, að ráðuneytið afgreiði fram lagða rekstraráætlun skólans, og sjái um að hlutur ríkissjóðs verði greiddur sveið fjótt sem auðið er.

Undir þessum fjögur bréf riti nafn sín fyrir skólans hönd, þeir Jón Bóvarsson, skólameistari og formaður skólaneftdar, Gunnar Sveinsson.

III. Reglugerð fyrir skólann: Samþykkt var að óska eftir því við menntamálaráðuneytið, að Fjölbrotaskóli Suðurnesja fái að starfa skv. reglugerð Flensborgarskóla þar til reglugerð hefur verið samín fyrir skólann.

IV. Gjafir: Ákveðið var að senda til ríkisskattstjóra beiðni um að gjafir þær er skólanum berast verði gefendum frádráttarberar til skatts.

V. Skólameistari gat þess, að í heimsókn í skólann hefðu komið fulltruar Landesambands íslenskra lónaðarmanna. Hefðu þeim litist all vel á verknaðsaðgöðukólans og tengsl verknaðs- og bóknamsbrauta.

VI. Laun skólaritara: Fram kom á fundinum að skiptar skoðanir virðast vera um hver laun ritara skólans skuli vera. Samþykkt var á fundinum, að reynist Einar Þórðarson, ritari skólans ekki vera í réttum launaflokki (sbr. bókun 3. fundar), verði hamið við hann um tilfærslu á milli launaflokka. Í framhaldi af þessum umræðum taldi nefndin eðlilegt að Einar fengi að vera félagsmaður í Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar, þótt ekki teljist hann vera bæjarstarfsmaður.

Fleira var ekki á dagskrá og lauk fundi um kl. 19⁰⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.

Fylgiskjöl með fundargerð eru ljósrít af bréfum þeim sem nefnd eru í lið II, ásamt rekstrar- og stofnkostnaðaráætlun sept. - des.
76. Fylgiskjöl sendist aðeins í einriti til bæjar- og sveitarstjóra.